

Reykjavík, 17. október 2019

Niðurstaða um brot Orkuveitu Reykjavíkur á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 4. október 2019 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Orkuveita Reykjavíkur hefði brotið gegn 3. ml. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) þar sem Orkuveita Reykjavíkur tilkynnti Fjármálaeftirlitinu ekki samdægurs um að hafa lánað víðskiptavaka skuldabréf útgefin af félaginu (svokölluð verðbréfalán). Um var að ræða tvö verðbréfalán til víðskiptavaka á tímabilinu 7. mars 2018 til 7. mars 2019.

Fjármálaeftirlitið telur að í þeim tilvikum þegar verðbréfalán er veitt á grundvelli samnings milli útgefanda og víðskiptavaka samkvæmt 116. gr. vvl. sé útgefanda hvorki skylt að sinna rannsóknarskyldu samkvæmt 125. gr. vvl. né tilkynningarskyldu samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 126. gr. vvl. áður en víðskiptin fara fram. Framangreint er háð því skilyrði að útgefandi hafi ekki aðkomu að ákvörðun um hvenær verðbréfalán er veitt á grundvelli samningsskyldna sem á honum hvíla gagnvart víðskiptavaka. Þrátt fyrir framangreint er útgefanda engu að síður skylt að fullnægja tilkynningarskyldu samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 126. gr. vvl. þegar um er að ræða verðbréfalán, þ.e. að tilkynna ber Fjármálaeftirlitinu samdægurs um víðskipti þegar verðbréfalán hefur verið veitt.

Með hliðsjón af því að ekki var um að ræða víðskipti fruminnherja sem Orkuveitu Reykjavíkur var skylt að birta opinberlega samkvæmt 127. gr. vvl. og að Orkuveita Reykjavíkur upplýsti Fjármálaeftirlitið um brotin var ákveðið að gera félaginu ekki stjórnvaldssekt vegna brotanna.